

Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010

og samanburður við sumrin á undan



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson (RG).

Kápu mynd: Aldeyjarfoss í Skjálfafljóti.

Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010

og samanburður við sumrin á undan



Minnisvarði um Bárð Snæfellsás að Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Mynd: RG



Samantekt unnin fyrir Ferðamálastofu

nóvember 2010

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf

Efnisyfirlit

Samantekt	1
1.0 Inngangur	4
1.1 Könnunin <i>Dear Visitors</i> og framkvæmd hennar	4
1.2 Úrvinnsla	4
1.3 Markmið og hagnýting	6
2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010 - og samaburður við sumrin á undan	7
2.1 Kyn og aldur	7
2.2 Menntun og laun	8
2.3 Áður á Íslandi	9
2.4 Dvalarlengd	11
2.5 Tilgangur Íslandsferðar	12
2.6 Ferðamáti	13
2.7 Farartæki á Íslandi	15
2.8 Föruneyti	16
3.0 Sérspurningar fyrir Ferðamálastofu	17
3.1 Áhrif gossins í Eyjafjallajökli	17
3.2 Kveikjan að Íslandsferð	19
3.3 Ákvörðun um Íslandsferð	21
3.4 Afþreying á Íslandi	23
3.5 Minnisstæðast úr Íslandsferðinni	25
3.6 Íslandsferðin og væntingarnar	28

Samantekt

Kyn

Samkvæmt könnunum RRF allt frá 1996 eru karlar almennt í nokkrum meirihluta ferðamanna til Íslands. Það skýrist m.a. af því þeir eru mun meira í viðskiptaerindum en konur og einnig í meirihluta þeirra sem koma til Íslands til að vinna. Meðal þátttakenda í könnuninni nú voru karlar 59% svarenda en konur 41%. Sumrin 2009 og 2008 voru karlar 53-54% svarenda.

Aldur

Meðalaldur erlendra gesta, 16 ára og eldri, sem komu til Íslands sumarið 2010 var um 43 ár. Það er einu ári hærri meðalaldur en mældist sumarið 2009 en sá sami og sumarið 2008. Flestir voru á aldrinum 26-35 ára (37%) en síðan 36-45 ára eða 46-55 ára (19% í hvorum aldurshópi).

Menntun

Erlendir gestir á Íslandi eru almennt vel menntaðir. Þannig voru 44% sumargesta 2010 með yfir 8 ára skólagöngu að baki eftir grunnskóla, 40% með 4-8 ár eftir grunnskóla en 16% með minna en 4 ár. Hlutfall langskólagenginna (8 ár +) mældist þó talsvert hærra sumarið 2007 (52%).

Laun

12% sumargesta 2010 töldu sig vera með há laun miðað við tekjur í heimalandi sínu, 40% fremur há, 38% með laun í meðallagi, 7% undir meðallagi og 3% kváðust vera með lág laun.

Áður á Íslandi

Af þeim erlendu gestum sem tóku þátt í könnuninni *Dear Visitors* sumarið 2010 höfðu 22% verið áður á Íslandi en 78% ekki. Þetta hlutfall er hið sama og sumarið 2008 en marktækt hærra en sumarið 2009 þegar hlutfall endurkomugesta var 17%. Karlar höfðu fremur komið áður til Íslands en konur og eldra fólk fremur en það yngra. Norðurlandabúar höfðu fremur komið en ferðamenn frá öðrum markaðssvæðum.

Dvalarlengd

Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2010 var 10,4 nætur samkvæmt könnuninni. Ferðamenn frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum dvöldu allt að tvöfalt lengur (12-13,8 nætur) en ferðamenn frá Bretlandi, Norður-Ameríku og Norðurlöndunum (7,1-8,7 nætur). Af gestum frá okkar helstu markaðslöndum gistu Þjóðverjar, Spánverjar og Frakkar lengst (12,9-13,3 nætur), síðan Ítalir, Hollendingar og Finnar (10,7-11,2 nætur) en Norðmenn (7,0 nætur) og Kanadamenn (6,4 nætur) ráku lestina.

Tilgangur Íslandsferðar

Langflestir erlendir sumargestir koma til Íslands í fríi sínu. Það sem vekur mesta athygli í samanburðinum á milli ára er að 87% komu til Íslands í fríi sumrin 2009 og 2010 en martækt færri,

eða 83%, sumarið 2008 (fyrir bankahrun). Hins vegar hefur þeim sem koma hingað í heimsókn fækkað úr 10% sumarið 2008 í 7% sumarið 2010 og þeim sem voru að vinna á Íslandi fækkað úr 3% í 1%.

Ferðamáti

Frá því að markvissar kannanir hófust meðal erlendra ferðamanna á Íslandi árið 1996 hefur gestum á eigin vegum fjölgað jafnt og þétt en fólki í skipulögðum hópferðum fækkað. Það ár mældust þessir hópar álíka stórir að sumarlagi. Sumarið 2010 voru hins vegar 78% þátttakenda á eigin vegum, 77% sumarið 2009 og 75% sumarið 2008.

Farartæki á Íslandi

Sumarið 2010 nýttu 46% erlendra ferðamann sér eitthvað bílaleigubíl, 33% hópferðabíl, 15% áætlunarbíl, 8% bíl vana, eigin bíl eða annars konar farartæki.

Föruneysi

Sumarið 2010 voru 41% með maka í föruneysi en 29% vinum/öðrum ættingjum. Þá voru 14-15% með barn/börn í föruneysi eða einir á ferð en 8% á ferð með vinnufélögum. Um helmingur fólks í viðskiptaerindum var eitt á ferð (49%) en einungis 9% fólks í fríi.

Áhrif gossins í Eyjafjallajökli

9% höfðu íhugað að hætta við Íslandsferðina sumarið 2010 vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Gestir frá Suður-Evrópu og frá Benelux löndunum veltu því helst fyrir sér (12-14%) en Norðurlandabúar síst (6%). Af íbúum einstakra landa hugleiddu Spánverjar helst að hætta við vegna gossins (23%) en síst Norðmenn og Danir (5%). Ráðstefnugestir íhuguðu það talsvert (13%) en síst þeir sem voru í heimsókn (3%) og flugfarþegar fremur (10%) en farþegar með Norrænu (4%).

Kveikjan að Íslandsferð

Almennur áhugi á náttúru Íslands/landinu var kveikjan að Íslandsferð hjá 63% þátttakenda í könnuninni en 28% urðu fyrir áhrifum frá vinum/ættingjum. Fyrri heimsóknir voru kveikjan að Íslandsferð um 10% svarenda en 5-7% urðu fyrir áhrifum frá Internetinu, greinum í blöðum/tímaritum, ferðahand-bókum/-bæklingum, íslenskum bókmenntum/kvikmyndum, þáttum í sjónvarpi/útvarpi eða frá ferðaskrifstofum/flugfélögum.

Ákvörðun um Íslandsferð

82% töldu að náttúra Íslands hefði haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja Ísland en 32% töldu það vera íslenska menningu/sögu. Hagstætt tilboð/flugfargjalð eða vinir/ættingjar á Íslandi höfðu mikil áhrif á ákvörðun 10% svarenda.

Afþreying á Íslandi

Af alls 17 afþreyingarþáttum sem spurt var um höfðu 82% stundað náttúruskoðun í ferð sinni á Íslandi sumarið 2010. Næstflestir, eða 62%, höfðu farið í sundlaugar/náttúruböð og um helmingur í gönguferðir eða á söfn/sýningar (49-50%). Þá fóru 39% í hvalaskoðun, 36% í bátsferð, 31% heimsóttu

gallerí/handverksmiðstöð, 25% fóru í spa/heilsulind, 21% í eldfjallaferð (jarðfræði), 16% í jökla-eða snjósleðaferð, 13% í hestaferð, 12% sóttu hátíð/viðburð, 7% fóru í lengri ferð með leiðsögn (tveggja daga eða lengri), 4% í fljótasiglingu (rafting) eða í stangveiði/skotveiði og 1% í sérstaka heilsumeðferð.

Minnisstæðast á Íslandi

Spurt var hvað erlendu gestunum hefði fundist minnisstæðast í Íslandsferðinni sumarið 2010 og þeir beðnir um að nefna allt að þrennt (opin spurning). 87% nefndu eitt, 78% tvennt og 67% þrennt. Örugg í efstu fjórum sætunum, með 18-19% hlutfall þeirra sem afstöð tóku, voru náttúran/landslagið, Bláa lónið, Jökulsárlón og Geysir. Gullfoss skipaði fimmta sætið (13%), Mývatn það sjötta (11%), Landmannalaugar sjöunda (8%) og hvalir/hvalaskoðun það áttunda (7%). Alls komust um 300 minnisstæð atriði á blað.

Uppfyllti Íslandsferðin væntingar

65% töldu að Íslandsferðin hefði uppfyllt allar væntingar og 32% að hún hefði gert það að mestu leyti. 97% gestanna voru því mjög eða fremur ánægðir með Íslandsferðina.

1.0 Inngangur

1.1 Könnunin Dear Visitors og framkvæmd hennar

Í þessari greinargerð fyrir Ferðamálastofu, er einkum stuðst við *Dear Visitors* könnun Rannsókna og ráðgjafar ferðapjónustunnar (RRF) sumarið 2010 meðal erlendra brottfarargesta í Leifsstöð og á Seyðisfirði. Jafnframt er stuðst við sömu könnun frá sumrunum 2008, 2009 og allt aftur til sumarsins 2005 til samanburðar, eftir því sem við á. Könnunin *Dear Visitors* hefur verið framkvæmd í Leifsstöð frá 1996 og stöðugt allt árið frá janúar 2004 og einnig meðal Norrænuferðarþega á sumrin. Könnunin fer þannig fram að starfsmenn RRF afhenda erlendum brottfarargestum könnunarblöðin eftir að þeir koma úr öryggisleitinni við innganginn að fríhöfninni í Leifsstöð eða áður en þeir fara um borð í Norrænu. Fólk svarar könnuninni sjálft og skilar aftur til starfsmanna.

Í þessari samantekt er mest stuðst við *Dear Visitors* á tímabili frá júní til ágúst 2010. Á þeim tíma fengust 1.378 gild svör, 1.256 meðal flugfarþega og 122 meðal Norrænuferðarþega. Ógild svör voru 47. Svörun við könnuninni var 74%.

1.2 Úrvinnsla

Í fyrri hluta skýrslunnar, kafla 2.0, eru niðurstöður grunnspurninga sumarsins 2010 bornar saman við niðurstöðurnar frá sumrunum 2008 og 2009 og í einstaka tilfellum við sumrin 2007 og 2005 til að skoða þróun mála. Þetta á við samanburð á kyni og aldri þátttakenda, menntun þeirra og launum, hvort þeir hafa verið áður á Íslandi eða ekki, dvalarlengd á Íslandi, tilgangi ferðarinnar, ferðamáta, farartæki á Íslandi og föruneysi.

Í síðari hlutanum, kafla 3.0, eru niðurstöður úr sérspurningum Ferðamálastofu kynntar og þær oft greindar nánar í töflum eftir ýmsum grunnbreytum, s.s. eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum og íbúum þeirra 12 landa sem flestir ferðamenn koma frá: Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Hollandi, Spáni, Ítalíu, Finnlandi og Kanada.¹ Í þessari samantekt eru ferðamenn flokkaðir eftir sex markaðssvæðum. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *annað*.

Tafla 1.1

Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn o.fl.
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Annað	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

¹ Í talningu Ferðamálastofu á brottfararfarþegum í Leifsstöð eru gestir frá Póllandi, Sviss, Japan og Kína einnig taldir sérstaklega, auk íbúa þeirra 12 landa sem niðurstöður eru hér greindar eftir.

Tafla 1.2 sýnir fjölda og hlutfall þátttakenda í *Dear Visitors* sumarið 2010 eftir helstu markaðssvæðum og löndunum 12. Til samanburðar er gefið upp hlutfall brottfararfarþega í Leifsstöð samkvæmt tölum Ferðamálastofu (FMS) fyrir sumarið 2010.²

Tafla 1.2 Fjöldi og hlutfall svarenda Dear Visitors í Leifsstöð sumarið 2010 eftir markaðssvæðum og löndum samanburður við talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð

	Könnun RRF		Talning FMS
	fjöldi	%	%
Norðurlönd	245	19,7	21,3
Mið-Evrópa	260	20,9	21,2
Benelux	131	10,5	5,5
Bretland	164	13,2	7,3
S-Evrópa	204	16,4	15,5
N-Ameríka	165	13,3	13,7
Annað	73	6,0	15,5
Noregur	63	5,1	6,1
Svíþjóð	73	5,9	5,0
Danmörk	87	7,0	8,0
Finnland	19	1,5	2,2
Þýskaland	187	15,1	15,9
Holland	85	6,8	3,5
Bretland	164	13,3	7,3
Frakkland	109	6,3	8,3
Ítalía	39	3,1	3,2
Spánn	51	4,1	4,0
Bandaríkin	116	9,3	10,4
Kanada	49	3,9	3,3

81,4% þátttakenda í könnuninni sumarið 2010 voru frá ofanefndum 12 löndum. Auk þess má nefna að 3,7% svarenda voru frá Sviss, 3,1% frá Belgíu og 2,2% frá Austurríki. Væri mjög æskilegt ef Ferðamálastofa léti einnig telja ferðamenn frá þessum löndum.

Svo sem sjá má er samræmið á milli hlutfalls svarenda í *Dear Visitors* og í tölum Ferðamálastofu oftast gott. Helsti munur er sá að í könnuninni er fjöldi svarenda frá Benelux löndunum og Bretlandi hlutfallslega meiri en hann er í raun. Á móti er hlutfall svarenda með búsetu utan helstu markaðssvæða lægra en í tölum Ferðamálastofu. Það skýrist einkum af því að drjúgur hluti gesta utan helstu markaðssvæða skilur ekkert af þeim sex tungumálum sem í boði eru í könnuninni (ensku, norsku, þýsku, frönsku, ítölsku, spænsku).

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors sumarið 2010* er þýðið allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi um Leifsstöð eða með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar, nær 240.000 manns.³

². Heimild: www.ferdamalastofa.is

³. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfarargesta í Leifsstöð sumarið 2010 og tölur Austfars um erlenda ferðamenn með Norrænu sumarið 2010.

Í töflu 1.3 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.3 Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1400	1,2	1,6	1,9	2,1	2,3	2,4	2,6	2,6
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Sem dæmi má taka að ef 40% svarenda í *Dear Visitors* sumarið 2010 kváðust hafa fengið upplýsingar um Ísland á ákveðnum stað þá verður frávikíð frá gefnu hlutfalli +/- 2,6% miðað við 1.400 svarendur. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikíð +/- 1,6%. Þessa tölfræði er rétt að hafa í huga við lestur niðurstaðna.

1.3 Markmið og hagnýting

Markmiðið með greinargerðinni er að nýta upplýsingar úr könnunum RRF meðal erlendra ferðamanna sérspurningum þar fyrir Ferðamálastofu sumarið 2010 til að stofnunin og aðrir aðila í ferðapjónustu geti betur gert sér grein fyrir samsetningu og afþreyingu erlendra ferðamanna á Íslandi. Þessar upplýsingar gagnast vel við að meta þörf fyrir kynningar og markaðsaðgerðir gagnvart mismundandi markhópum ferðamanna, s.s. eftir búsetu (lönd, markaðssvæði) eða mismunandi aldurshópum. Mjög æskilegt er að upplýsingar sem þessar séu unnar reglulega til að fá sem gleggsta mynd af þróun mála.

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan

2.1 Kyn og aldur

Samkvæmt könnunum RRF allt frá 1996 eru karlar í nokkrum meirihluta ferðamanna til Íslands, einkum utan sumartíma. Meðal þátttakenda í könnuninni nú voru karlar 59% en konur 41%, sem er einn mesti munur á þátttöku kynjanna frá því að stöðugar mælingar RRF með *Dear Visitors* könnuninni hófust allt árið um kring árið 2004. Þannig voru karlar 53-54% svarenda sumrin 2009 og 2008.

Meðalaldur erlendra gesta, 16 ára og eldri, sem komu til Íslands sumarið 2010 var um 43 ár. Það er einu ári hærri meðalaldur en mældist sumarið 2009 en sá sami og sumarið 2008.


Tafla 2.1 Meðalaldur ferðamanna 16 ára eldri og sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan

	2010	2009	2008
Júní-ágúst	43,1 ár	41,7 ár	43,0 ár

Aldurshópurinn 26-35 ára hefur lengi mælst stærstur og er enn öflugri utan sumartíma en að sumarlagi. Aldurshóparnir 36-45 ára og 46-55 ára koma þar á eftir.

Sumarið 2010 er mjög svipað fyrri tveimur sumrum hvað aldurskiptingu varðar. Nokkru fleiri voru þó yfir 65 ár aldir en sumrin 2008 og 2009.


Mynd 2.1 Aldurskipting ferðamanna sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan



2.2 Menntun og laun

Á mynd 2.2 má sjá samanburð á menntun ferðamanna til Íslands sumrin 2007, 2009 og 2010 samkvæmt Dear Visitors könnuninni.⁴ Svo virðist sem lengd skólagöngu ferðamanna sé heldur skemmri nú en hún var sumrin á undan. Þó er ljóst að ferðamenn á Íslandi eru almennt vel menntaðir. Þannig voru 44% sumargesta 2010 með yfir 8 ára skólagöngu að baki eftir grunnskóla, 40% með 4-8 ár eftir grunnskóla en 16% með minna en 4 ár.

Mynd 2.2 Menntun ferðamann eftir grunnskóla - sumarið 2010 og samanburður við sumrin 2008 og 2007⁵



Erlendir ferðamenn í fuglaskoðunargöngu, vel varðir fyrir ágangi kríunnar.


Mynd: RG

⁴. Ekki var spurt um menntun erlendra gesta í sumarið 2008 en niðurstöður sumarsins 2007 hafðar með þess í stað.

⁵. 93% svöruðu þessari spurningu sumarið 2010.

Í könnuninni sumarið 2010 var spurt hver laun þátttakenda væru miðað við laun í þeirra búsetulandi. Töldu 12% sig vera með há laun, 40% með fremur há, 38% með laun í meðallagi, 7% undir meðallagi og 3% kváðust vera með lág laun. Sama spurning var lögð fyrir ferðamenn í Dear Visitors könnuninni sumarið 2005 og voru niðurstöðurnar býsna sambærilegar, utan hvað að þá töldu 7% sig vera með lág laun.


Mynd 2.3



2.3 Áður á Íslandi

Af þeim erlendu gestum sem tóku þátt í könnuninni *Dear Visitors* sumarið 2010 höfðu 22% verið áður á Íslandi en 78% ekki. Þetta hlutfall er hið sama og sumarið 2008 en marktækt hærra en sumarið 2009 þegar hlutfall endurkomugesta var 17%.

Mynd 2.4




⁶. 88% svöruðu tekjuspurningunni sumarið 2010 en 12% ekki.

Á næstu mynd er hlutfall þeirra sem höfðu komið áður til Íslands - eða ekki - skoðað nánar eftir ýmsum grunnbreytum sumarið 2010.⁷

Mynd 2.5

Áður á Íslandi eða ekki - sumarið 2010

eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, ferðamáta, tilgangi ferðar og föruneysi



Karlar höfðu fremur komið áður til Íslands en konur og eldra fólk fremur en það yngra. Þannig höfðu 32% fólks yfir 65 ára komið áður en einungis 14-15% þeirra sem voru 16-35 ára. Norðurlandabúar höfðu fremur komið hingað en ferðamenn frá öðrum markaðssvæðum en síst ferðamenn frá Suður-Evrópu og gestir utan okkar helstu markaðssvæða (Ítalir og Spánverjar minnst þeirra þjóða sem skoðaðar voru). Mikill meirihluti þeirra sem voru í viðskiptaerindum höfðu komið áður til Íslands en síst þeir sem voru í fríi. Þeir sem voru einir á ferð eða með vinnufélögum höfðu fremur komið áður en þeir sem voru með öðrum í föruneysi.

⁷. 99,3% þátttakenda svöruðu spurningunni sumarið 2010.

2.4 Dvalarlengd




Dýrðardagur við Dýrafjörð.

Mynd: RG

Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2010 var 10,4 nætur samkvæmt *Dear Visitors* könnuninni.⁸ Flestir, eða 69%, dvöldu á bilinu 4-14 nætur á Íslandi, 12% gistu í 1-3 nætur og 19% lengur en 14 nætur. Ekki er um veruleg frávik frá niðurstöðum sumrana 2009 og 2008 að ræða eins og sjá má á næstu mynd.

Mynd 2.6 Flokkuð dvalarlengd ferðamanna sumarið 2010 og samanburður sumrin á undan



Meðaldvöl erlendra sumargesta á Íslandi er misjöfn eftir búsetu þeirra. Þannig dvöldu ferðamenn frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum allt að tvöfalt lengur á Íslandi sumarið 2010 (12,0-13,8 nætur) en ferðamenn frá Bretlandi, Norður-Ameríku og Norðurlöndunum (7,1-8,7 nætur). Dvöl ferðamanna utan helstu markaðssvæða var í meðallagi löng (10,2 nætur).


Af gestum frá helstu löndum gistu Þjóðverjar, Spánverjar og Frakkar lengst (12,9-13,3 nætur) en síðan Ítalir, Hollendingar og Finnar (10,7-11,2 nætur). Norðmenn (7,0 nætur) og Kanadamenn (6,4 nætur) ráku lestina.⁹

⁸. Hér eru þeir sem gistu 90 nætur eða minna meðtaldir. Sumarið 2009 var meðaldvöl erlendra gesta 9,8 nætur en 10,6 nætur sumarið 2008 samkvæmt *Dear Visitors* könnuninni.

⁹. Þess má geta að samkvæmt könnuninni var meðaldvöl Svisslendinga og Austurríkismanna hér á landi sumarið 2010 nokkru lengri en meðal Þjóðverja og dvöl Belga nokkru lengri en hjá Hollendingum.

Mynd 2.7

Meðaldvöl ferðamanna á Íslandi sumarið 2010 eftir markaðssvæðum og helstu löndum




2.5 Tilgangur Íslandsferðar

Langflestir erlendir gestir koma til Íslands í fríi. Það sem vekur athygli í samanburðinum er að 87% komu til Íslands í fríi sumrin 2009 og 2010 en martækt færri, eða 83% sumarið 2008 (fyrir bankahrun). Hins vegar hefur þeim sem koma í heimsókn fækkað úr 10% sumarið 2008 í 7% sumarið 2010 og þeim sem voru að vinna á Íslandi úr 3% í 1%.

Mynd 2.8

Tilgangur með komu ferðamanna sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan¹⁰



¹⁰. Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn valkost í þessari spurningu og því er samtalan 104-108%. Sumarið 2010 voru t.d. ríflega 4% svaraðna hér bæði í fríi og heimsókn.

2.6 Ferðamáti




Á hverasvæðinu við Seltún í Krýsuvík.

Mynd: RG

Frá því að RRF hóf kannanir meðal erlendra gesta í Leifsstöð árið 1996 hefur gestum á eigin vegum fjölgað jafnt og þétt en fólki í skipulögðum hópferðum fækkað að sama skapi. Árið 1996 voru þessir hópar álíka stórir að sumarlagi en nokkur meirihluti á eigin vegum utan sumars. Eins og sjá má á mynd 2.7 voru hins vegar 75% erlendra þátttakenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2008 á eigin vegum, 77% sumarið 2009 og 78% sumarið 2010.

Mynd 2.7



Á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur.


Mynd: RG

Á mynd 2.8 er ferðamáti erlendu gesta á Íslandi sumarið 2010 skoðaður nánar eftir ýmsum grunnbreytum.

Mynd 2.8

Ferðamáti sumarið 2010¹¹

eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, tilgangi ferðar og föruneysi



Um helmingur gesta yfir 65 ára voru í hópförð en einungis 12-18% þeirra sem voru 16-45 ára. Þá voru gestir frá Norðurlöndum meira í hópförðum en aðrir sumarið 2010, mest Norðmenn (33%). Gestir frá Spáni, Kanada og Bandaríkjunum voru síst í hópförð að þeim þjóðum sem hér eru til skoðunar (7-16%). Yfir 40% ráðstefnu- og fundargesta voru í hópförð og nær 60% þeirra sem voru með vinnufélögum í föruneysi. Þeir sem komu hingað í heimsókn voru nær allir á eigin vegum.

¹¹. 98,2% þátttakenda gáfu upp ferðamáta sinn sumarið 2010.

2.7 Farartæki á Íslandi




Ferðamenn á leið í bátsferð.

Mynd: RG

Sumarið 2010 nýttu 46% erlendra ferðamann sér bílaleigubíla sem er nokkru hærra hlutfall en sumarið 2009 (41%) en ívið lægra en sumarið 2008 (48%). Hlutfall þeirra sem notuðu hópferðabíla og áætlunarbíla var nú svipað og sumarið 2008, eða 33%, eftir að hafa aukist nokkuð sumarið 2009.

Mynd 2.9

Farartæki ferðamanna á Íslandi sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan¹²




Ekki er því samræmi á milli fjölda þeirra sem nýttu sér eitthvað hópferðabíla og þeirra sem voru í skipulagðri hópferð á Íslandi. Þannig voru einungis 22% gesta sumarið 2010 í skipulagðri hópferð en hins vegar nýttu 33% svarenda sér eitthvað hópferðabíl í Íslandsferðinni, s.s. í dagsferðum frá Reykjavík.

Mun fleiri sumarið 2010 en sumrin á undan nefndu annan ferðamáta, eða 8%. Þar af nefndu flestir leigubíla en síðan súperjeppa (4x4), reiðhjól, tvo jafnfljóta (gangandi), innanlandsflug og „puttann“.

¹². Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn valkost í þessari spurningu og einnig önnur farartæki sem þeir nýttu hér á landi. Því eru samtölurnar á bilinu 115-118%.

2.8 Föruneyti




Séð að fjallinu Baulu í Borgarfirði í ljósaskiptunum.

Mynd: RG

Sumarið 2010 voru flestir með maka í föruneyti (41%) og næstflestir með vinum (29%). Þeir sem voru með barn/börn í föruneyti eða einir á ferð komu næstir (14-15%) en fæstir voru með vinnufélögum (8%). Þetta er mjög svipuð niðurstaða og sumrin 2008 og 2009. Helst hefur þeim fjölgað sem eru á ferð með vinnufélögum.

Mynd 2.11

Föruneyti ferðamanna sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan¹³



Fólk sem hefur verið áður á Íslandi var mun fremur eitt á ferð (20%) en þeir sem voru á Íslandi í fyrsta skipti (12%) en síður með maka eða vinum. Um 45% þeirra sem voru í fríi voru með maka í för og um 30% með vinum/ættingjum en mun lægra hlutfall þeirra sem komu í öðrum tilgangi (heimsókn, ráðstefna, viðskipti). Um helmingur þeirra sem voru hér í viðskiptaerindum voru hins vegar einir á ferð (49%) en einungis um 9% þeirra sem voru í fríi. Fólk á eigin vegum var fremur með maka í för eða með börn í föruneyti sínu en fólk í hópferð, sem var fremur á ferð með vinum/ættingjum eða vinnufélögum.

¹³. 99,5% svöruðu þessari spurningu sumarið 2010. Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn valkost og því er samtalan á bilinu 102-107%.

3.0 Sérspurningar fyrir Ferðamálastofu




Frá Vestmannaeyjum. Eldfell frá 1973 og Helgafell í baksýn.

Mynd: RG

3.1 Áhrif gossins í Eyjafjallajökli

Sumarið 2010 voru erlendir ferðamenn í Leifsstöð og á Seyðisfirði spurðir hvort þeir hefðu íhugað að hætta við Íslandsferðina vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Niðurstaðan er sú að 9% íhuguðu að hætta við en 91% ekki.

Mynd 3.1 Íhugaði að hætta við Íslandsferðina sumarið 2010 vegna eldgossins í Eyjafjallajökli




Séð inn að Þórsmörk og Eyjafjallajökli á páskadag 2010.

Mynd: RG

Af einstökum aldurshópnum íhugaði fólk á aldrinum 26-35 ára helst að hætta við Íslandsferð vegna gossins (13%). Af markaðssvæðunum íhuguðu gestir frá Suður-Evrópu og Benelux löndunum það helst (12-14%) en síst gestir frá Norðurlöndunum (6%). Af einstökum þjóðum sem hér eru til skoðunar hugleiddu Spánverjar helst að hætta við að koma til Íslands vegna gossins (23%) en síst Norðmenn og Danir (5%). Ráðstefnugestir spáðu talsvert í að hætta við (13%) en síst þeir sem voru í heimsókn (3%) og flugfarþegar frekar (10%) en farþegar með Norrænu (4%).

Mynd 3.2 Íhugaði að hætta við vegna eldgossins í Eyjafjallajökli eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, tilgangi ferðar, föruneysi og farartæki til landsins




3.2 Kveikjan að Íslandsferð

Spurt var hvar fólk hefði fengið hugmyndina að því að koma til Íslands. Valið stóð á milli 12 atriða og gátu þátttakendur merkt við allt sem hafði haft umtalsverð áhrif á þá. Almennur áhugi náttúru Íslands/landinu sjálfu var þungstur á metunum og hafði áhrif á ákvörðun á nær tveggja af hverjum þremur þátttakendum í könnuninni (63%) en næst komu upplýsingar frá vinum eða ættingjum (28%). Fyrri heimsóknir höfðu áhrif á 10% svarenda en 5-7% urðu fyrir áhrifum frá Internetinu, greinum í blöðum/tímaritum, ferðahandbókum/-bæklingum, íslenskum bókmenntum/ kvikmyndum, þáttum í sjónvarpi/útvarpi eða frá ferðaskrifstofum/flugfélögum. Viðskiptatengsl við Ísland og auglýsingar í blöðum/tímaritum urðu síðan kveikjan að Íslandsferð hjá 3-4% þátttakenda.

Mynd 3.3

Kveikjan Íslandsferð sumarið 2010



Tafla 3.1

Kveikjan að Íslandsferð sumarið 2010 – annað sem nefnt var

Fjöldi	Nefnt
7-11	Í háskóla/skóla á Íslandi (11), millilending á Íslandi (9), langaði að koma/gamall draumur (8), vinir/kærasta/fjölskylda (7)
2-5	kórsöngur, eldfjallið/eldgos, veiðiferð/veiðitímarit (5), ráðstefna/fundur, vann miða/var boðið, jarðfræði (4), hestar, tónlist (3), hagstætt gengi íslensku krónunnar, tónlist Sigurrósar, Gay pride, listir, ódýr flugmiði/tilboð, Reykjavíkumaraþon, boðið í brúðkaup (2).
1	Mið-Atlantshafs ráðstefna, leiklistarhátíð, dóttirin vildi til Íslands, ferðast mikið, Icelandair, norska ríkisstjórnin, forfeður fæddust hér, stelpur, Ísland er hinumegin á hnettinum, forvitni, landsmót, bátsferð, rannsóknir, vinna, víkingamenningin, samvinna háskóla, tónlist Bjarkar, dans, afi í fangelsi hér 1908, Inspired by Iceland myndband, lok bátsferðar, eigandi ferðaskrifstofu, skip, leiðsögumaður, hátíð, æfa mig í íslensku, fyrirlestur, jarðfræðiskóli, fara í búðir, langaði að fara e-ð öðruvísi, hafa húsaskipti, kynning um Ísland, mynd, ævintýri, hrifinn af Norðurlöndunum, klúbbur.

Margt athyglisvert kemur í ljós þegar kveikjan að Íslandferð er greind nánar eftir bakgrunnsbreytum.

Tafla 3.2

Kveikjan að Íslandsferð sumarið 2010

eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneysi og farartæki til Íslands

%	Ísland / náttúra þess	Vinir / ættingjar	Fyrri heimsókn	Internetið	Handbækur / bæki.	Greinar bið / tímarit	Bókmenntir / kvikm.	Efni í sjónv. / útvarpi	Ferðaskr. st. / flugfél.	Viðskiptatengsl	Auglýsingar	FJÖLDI
Kona	64	29	10	5	8	8	8	6	5	4	4	563
Karl	63	28	10	8	6	6	5	6	5	5	3	815
16-25	63	35	8	11	6	9	7	6	5	2	2	181
26-35	68	31	7	9	5	5	8	5	5	6	4	308
36-45	67	24	9	7	7	6	5	6	4	6	3	252
46-55	61	24	12	6	7	6	7	5	5	6	2	262
56-65	59	25	13	5	7	7	5	7	7	3	4	215
yfir 65 ára	59	32	16	2	12	9	7	5	8	0	3	106
Norðurlönd	49	35	14	5	4	4	6	2	5	10	3	258
Mið-Evrópa	73	24	14	10	10	8	10	7	5	2	3	320
Benelux	67	29	7	6	10	8	4	6	8	6	4	140
Bretland	54	31	13	4	8	4	4	1	1	7	1	169
S-Evrópa	81	22	3	10	6	8	4	10	1	1	4	229
N-Ameríka	53	30	8	4	4	8	8	7	11	0	2	166
Annað	54	31	3	10	9	8	8	11	10	4	8	80
Noregur	46	41	13	2	6	5	8	6	8	8	5	63
Svíþjóð	57	29	9	5	3	1	8	1	1	12	1	75
Danmörk	45	38	15	7	3	6	4	0	6	8	2	96
Finnland	50	20	35	5	0	0	0	0	0	15	5	20
Þýskaland	72	21	14	9	10	10	11	6	5	3	5	236
Holland	68	29	8	7	14	6	4	7	9	4	3	91
Bretland	54	31	13	4	8	4	4	1	1	7	1	169
Frakkland	87	22	5	9	7	7	5	9	2	2	3	122
Ítalía	63	25	2	10	4	14	2	8	0	0	6	49
Spánn	89	21	0	11	4	6	4	13	2	0	4	53
Bandaríkin	50	35	8	4	4	8	9	4	10	0	3	116
Kanada	60	18	8	2	2	8	8	14	14	0	2	50
Áður á Íslandi	51	19	43	4	5	7	6	3	3	12	2	307
Fyrsta skipti	67	31	0	8	7	4	7	7	6	2	4	1061
Eigin vegum	65	30	11	8	6	7	6	6	4	4	3	1076
Hópfarar	58	24	7	4	11	5	7	4	9	6	4	315
Frí	71	27	8	7	8	8	7	7	5	1	4	1151
Heimsókn	18	73	21	6	3	0	3	3	6	1	0	96
Ráðstefna	29	13	7	2	0	3	3	0	0	32	3	48
Viðskipti	10	2	5	0	0	2	0	0	5	63	0	68
Vinna á Ísl	27	27	18	9	0	9	9	0	0	36	0	15
Einn á ferð	53	24	8	8	7	7	9	6	6	10	4	195
Maki	71	24	12	10	8	7	6	6	5	2	5	563
Með börn	66	28	12	4	6	7	5	7	4	1	1	211
Vinir	64	38	6	6	7	7	8	6	4	1	3	401
Vinnufélagar	38	11	6	1	4	2	0	0	11	26	0	96
Flug	62	29	9	7	7	6	6	6	5	5	3	1256
Norræna	75	22	17	9	7	9	16	6	3	1	3	122
MEÐALTAL	63	28	10	7	7	7	7	6	5	4	3	

3.3 Ákvörðun um Íslandsferð




Úr flóru Íslands.

Mynd: RG

Spurt var hvar hverjir af 11 tilgreindum þáttum hefðu haft mest áhrif á þá ákvörðun að heimsækja Ísland sumarið 2010. Auk þess gátu þátttakendur tilgreint önnur atriði sem höfðu haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra. Mikill meirihluti, eða 82%, töldu að náttúra Íslands hefði haft mikil áhrif en 32% merktu við íslenska menningu/sögu. Aðrir þættir komu þar langt á eftir.

Mynd 3.4 Mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð sumarið 2010



Tafla 3.3 Mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð sumarið 2010 - annað sem nefnt var

Fjöldi	Nefnt
4-10	Hestar/hestaferði (10), veiða (7), jarðfræði (5), húsaskipti (4).
2-3	4x4 jeppaferð, matur, brúðkaup/afmæli, tónlist/tónleikar, boðsferð/gjöf, fjölskylda/vinir (3), næturlífíð í Reykjavík, upplifa ævintýri, aka utan vega (2).
1	Á leið á ráðstefnu í Svíþjóð, ákvörðun foreldra, skemmta mér, drekka, Eyjafjallajökull, fjallganga, svífðrekaflug, forvitni, gamall draumur, hef alltaf viljað koma til Íslands, Ísland er best, keyra um Ísland, koma fram á tónleikum, landafræðiferð, langar að sjá restina af Íslandi, listin, gaman að ferðast, ósk dóttur minnar, tómstundir utandyra, þurfti að komast til Grænlands.

Oft var umtalsverður munur á áhrifavöldum að Íslandsferð eftir grunnbreytum, einkum þó eftir búsetu þátttakenda og tilgangi ferðar svo sem sjá má á töflu 3.4.

Tafla 3.4 Þættir sem höfðu mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð sumarið 2010

eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneysi og farartæki til Íslands

%	Náttúra Íslands	Ísl. saga/menning	Gott verð/fargjald	Vinir/ættlingjar á Ísl.	Millilending á Ísl.	Spa/heilsulind	Viðskiptasambönd	Viðburður á Íslandi	Rannsóknir/menntun	Ráðstefna/fundur	Heilsu/-læknismeðf.	FJÓLDI
Kona	84	36	10	10	8	6	3	5	4	3	1	563
Karl	80	30	10	9	7	7	5	3	4	3	1	815
16-25	86	31	14	8	8	9	2	6	9	2	2	185
26-35	82	26	12	12	7	7	5	5	6	4	1	322
36-45	80	29	9	9	7	7	5	3	2	2	0	259
46-55	79	31	9	7	8	6	6	3	2	4	0	267
56-65	81	40	7	12	6	4	4	4	3	3	0	224
yfir 65 ára	83	47	10	11	6	3	0	4	0	3	1	109
Norðurlönd	71	37	18	22	7	8	8	7	4	8	1	256
Mið-Evrópa	93	36	6	6	2	3	1	3	4	2	0	319
Benelux	87	21	8	4	3	7	5	2	1	3	1	139
Bretland	74	32	6	9	3	6	7	7	7	3	0	169
S-Evrópa	89	25	4	4	3	4	2	1	2	0	0	228
N-Ameríka	67	41	27	12	33	11	1	2	6	1	1	165
Annað	83	24	4	6	3	10	3	3	3	8	4	77
Noregur	73	41	21	19	8	10	3	13	2	6	2	63
Svíbíóð	73	45	8	17	4	3	12	9	5	8	0	75
Danmörk	68	27	25	25	7	10	9	3	4	7	1	96
Finnland	70	45	5	35	5	10	5	5	0	15	0	20
Þýskaland	94	38	6	7	2	3	2	3	6	2	0	236
Holland	86	25	9	1	3	8	3	0	1	1	1	91
Bretland	74	32	6	9	3	6	7	7	7	3	0	169
Frakkland	90	27	3	2	5	4	3	1	3	0	0	122
Ítalía	92	22	4	0	0	6	0	2	0	0	0	49
Spánn	89	21	8	9	2	4	0	2	2	0	2	53
Bandaríkin	68	39	22	10	31	13	1	3	7	2	1	116
Kanada	64	46	36	16	38	6	0	0	4	0	0	50
Áður á Íslandi	73	35	10	21	7	9	12	6	5	6	1	315
Fyrsta skipti	84	32	10	6	7	5	2	3	3	2	1	1061
Eigin vegum	81	31	11	11	8	7	4	4	3	2	1	1076
Hópfar	83	41	7	3	4	6	4	3	4	5	1	315
Frí	89	33	11	3	7	6	0	3	2	0	1	1151
Heimsókn	58	27	15	91	9	12	0	9	0	0	3	96
Ráðstefna	42	29	0	0	3	7	16	13	26	55	0	48
Viðskipti	20	5	5	7	10	2	73	5	2	10	0	68
Vinna á Ísl	36	36	9	36	0	9	46	9	45	9	0	15
Einn á ferð	66	31	10	16	11	7	11	4	8	6	1	195
Maki	86	33	11	8	7	6	2	3	1	2	0	563
Með börn	90	32	10	7	7	8	0	2	2	1	1	211
Vinir	86	33	10	9	5	6	1	3	3	1	0	401
Vinnufélagar	56	14	4	4	7	6	21	5	11	13	1	96
Flug	80	33	11	10	8	7	1	4	4	3	1	1256
Norræna	97	30	5	6	0	4	4	2	6	1	2	122
MEÐALTAL	82	32	10	10	7	6	4	4	4	3	1	

3.4 Afþreying á Íslandi




Eftirvænting í hvalaskoðunarferð.

Mynd: RG

Af þeim 17 afþreyingarþáttum sem spurt var um höfðu 82% stundað náttúruskoðun í ferð sinni á Íslandi sumarið 2010. Næstflestir, eða 62%, höfðu farið í sundlaugar/náttúruböð og um helmingur í gönguferðir eða á söfn/sýningar (49-50%). Þá fóru 39% í hvalaskoðun, 36% í bátsferð, 31% heimsóttu handverksmiðstöð, 25% fóru í spa/heilsulind, 21% í eldfjallaferð (jarðfræði), 16% í jökla-eða snjósleðaferð, 13% í hestaferð, 12% sóttu hátíð/viðburð, 7% fóru í lengri ferð með leiðsögn (tvo daga eða lengur), 4% fóru í fljótasiglingu (rafting) eða í stangveiði/skotveiði og 1% í sérstaka heilsu meðferð.

Mynd 3.5 Afþreying á Íslandi sumarið 2010



Umtalsverður munur er á afþreyingu fólks eftir helstu grunnbreytum. Þannig fóru konur t.d. marktækt meira en karlar í handverksmiðstöðvar/gallerí en þeir meira í veiði. Yngra fólkið fór meira í

sundlaugar/böð og á hátíðir/viðburði en elsta fólkið mest allra aldurshópa í dagsferð og lengri ferðir með leiðsögn svo dæmi séu tekin. Þá er víða athyglisverður munur á afþreyingu fólks eftir búsetu, ferðamáta o.fl.

Tafla 3.5

Afþreying á Íslandi sumarið 2010


eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneysi og farartæki til Íslands

%	Náttúruskoðun	Sundlaugar/böð	Gönguferðir/fjallg.	Söfn/sýningar	Hvalaskoðun	Bátsferð	Gallerí/handv.míöst.	Dagsferð m. leiðsögn	Spa/heilsulind	Eldfjallaferð	Jökla-/snjósléðiferð	Hestaferð	Hátíð/viðburður	Lengri ferð m. leiðs.	Fjótasigling/rafting	Stangveiði/skotveiði	Heilsu meðferð	FJÖLDI
Kona	82	64	49	52	39	38	37	31	26	23	18	16	12	6	3	2	1	540
Karl	82	60	51	46	40	34	28	21	23	20	15	11	13	7	4	5	1	770
16-25	81	68	55	48	39	32	25	26	24	18	18	16	22	8	6	4	1	179
26-35	85	72	61	48	42	32	32	22	30	21	18	12	16	4	6	2	2	309
36-45	81	64	53	44	39	39	29	23	22	18	16	18	10	6	2	6	0	252
46-55	80	56	46	52	40	34	34	21	29	24	15	14	10	6	3	4	1	255
56-65	81	54	44	48	39	39	34	29	16	26	15	6	8	8	1	2	1	208
yfir 65 ára	78	41	22	54	34	40	34	38	12	23	9	8	7	13	6	5	0	96
Norðurlönd	75	57	31	52	35	31	40	37	31	18	8	20	19	7	5	3	3	243
Mið-Evrópa	82	55	65	49	42	30	19	18	18	28	11	16	7	7	2	3	1	303
Benelux	92	66	54	54	53	47	29	14	23	20	27	11	8	7	5	5	2	133
Bretland	78	63	50	50	37	37	33	29	20	16	27	11	11	4	4	7	0	166
S-Evrópa	85	75	63	39	49	47	29	21	22	29	19	5	12	7	3	2	1	218
N-Ameríka	79	59	32	53	19	27	48	36	30	10	11	9	14	8	5	1	1	155
Annað	86	58	50	44	37	36	30	18	27	24	22	13	17	8	1	5	0	78
Noregur	64	59	24	47	16	21	45	52	31	19	10	19	24	9	3	2	3	58
Svíbíóð	85	63	26	51	42	33	36	38	19	17	11	15	21	11	4	4	1	72
Danmörk	73	53	36	55	40	33	36	30	43	19	6	24	15	2	8	4	2	91
Finnland	94	56	50	61	50	44	50	33	17	17	6	22	11	6	6	0	0	18
Þýskaland	83	55	62	48	38	31	17	22	14	29	11	15	6	6	2	4	1	219
Holland	92	62	51	49	53	45	25	11	26	15	28	11	7	5	7	4	1	85
Bretland	78	63	50	50	37	37	33	29	20	16	27	11	11	4	4	7	0	166
Frakkland	91	67	69	41	42	37	22	15	16	28	11	6	5	10	1	3	0	116
Ítalía	75	88	48	35	48	44	38	31	31	17	25	2	25	0	4	0	0	48
Spánn	84	82	68	36	66	74	40	24	26	44	32	6	18	8	6	2	1	50
Bandaríkin	78	61	32	51	20	26	46	27	29	12	11	9	20	9	7	1	1	106
Kanada	82	55	33	57	18	31	51	53	33	4	10	8	2	8	2	0	0	49
Áður á Íslandi	73	51	42	47	28	26	34	17	20	15	13	14	15	6	2	7	2	285
Fyrsta skipti	84	65	53	49	43	38	31	28	25	23	17	12	12	7	4	3	1	1016
Eigin vegum	82	64	53	50	38	34	34	21	25	20	16	13	13	3	4	3	1	1027
Hóppferð	81	53	41	45	44	43	25	38	19	28	18	12	11	18	4	4	2	296
Frí	84	63	54	49	43	39	30	26	22	23	17	13	9	7	4	3	1	1131
Heimsókn	75	70	38	57	22	25	51	17	30	15	11	16	27	2	3	5	2	88
Ráðstefna	80	60	27	40	8	7	33	30	23	10	10	3	33	7	0	0	0	55
Viðskipti	43	25	13	18	13	8	10	20	23	15	5	3	10	5	3	1	5	67
Vinna á Ísl	82	73	82	55	45	46	54	54	54	27	27	0	64	18	9	9	9	15
Einn á ferð	73	47	45	49	27	30	29	28	26	15	12	10	21	9	3	3	1	187
Maki	85	60	51	55	45	35	33	28	24	23	18	11	9	5	2	3	1	533
Með börn	88	72	51	56	47	41	38	14	23	19	18	29	7	4	3	3	0	197
Vinir	81	69	52	45	37	40	29	27	24	23	14	9	15	8	7	4	1	382
Vinnufélagar	70	35	44	27	25	24	15	25	22	24	15	11	9	12	4	6	2	103
Flug	81	61	48	48	40	36	32	26	25	22	16	13	12	7	4	4	1	1195
Norræna	92	71	71	54	36	37	29	13	10	19	13	12	12	2	2	3	0	115
MEÐALTAL	82	62	50	49	39	36	31	25	24	21	16	13	12	7	4	4	1	

3.6 Minnisstæðast úr Íslandsferðinni

Í könnuninni var spurt hvað gestunum hefði fundist minnisstæðast í Íslandsferðinni og þeir beðnir um að nefna allt að þrennt. 87%% nefndu eitt, 78% tvennt og 67% þrennt. Öruggr í efstu fjórum sætum voru náttúran/landslagið, Bláa lónið, Jökulsárlón og Geysir sem 17,5-19% aðila nefndu. Gullfoss skipaði fimmta sætið, Mývatn sjötta, Landmannalaugar sjöunda og hvalir/hvalaskoðun það áttunda. Mynd 3.6 sýnir alla þá staði/þætti sem fegnu 1% atkvæða eða meira, þeirra sem afstöðu tóku.

Mynd 3.6 Minnisstæðast úr Íslandsferðinni sumarið 2010
hlutfall þeirra sem svöruðu spurningunni (1197 þátttakendur)



Tafla 3.6 Annað minnisstætt úr Íslandsferðinni sumarið 2010

Fjöldi	Nefnt
10-11	Seyðisfjörður, firðir, Snæfellsjökull, tónleikar, Strokkur, Laki, gönguleiðin Laugavegur á hálandinu, allt.
8-9	Fallegar konur/stelpur, brúðkaup/afmæli/veisla, fjöll, sjór, Akureyri, Húsavík, kafa/snorkla, gott loftslag, F-vegir (hálandisvegir), Austfirðir, Kjölur, sveitin/sveitabæir, Menningarnótt, Seljalandsfoss, Hveravellir, hraun.
6-7	Jarðböðin við Mývatn, Skógafoss, Hveragerði, ströndin/fjaran, hótelið/gistiheimilið, Fimmvörðuháls, Ásbyrgi, Suðurland, ró/friður/þögn, versla.
4-5	Kirkjur, klifur, jarðvarmavirkjun, hellar, Gleðigangan (Gay Pride), fossinn Dynjandi, óhagstætt veður, Grettislaug, bátsferð/sigling, Dyrhólaey, Hekla, Þjóðminjasafnið, Kaldidalur, dýr/dýraskoðun, Leifsstöð (góð aðstaða), slæmir vegir, Selfoss, villt/óspillt náttúra, borða hvalkjöt, heitir pottar, Vatnsnes, fegurð, Siglufjörður, Mýrdalsjökull, list/listsýning, norðurljósín, leiðsögumaður/leiðsögn, tjaldgisting, selir, Borgarfjörður eystri, Sprengisandur, akstur utan þjóðvega (slóðar), hátt verðlag/dýrt, Fiskidagurinn á Dalvík, fiskur, Háifoss, Hornstrandir.
2-3	Grimsey, kindur, vatnið, Byggðasafnið á Skógum, Stykkishólmur, jarðfræði, Reykjanes/Reykjanesferð, upplifun/reynsla, góð þjónusta, Alþingi, Fiskifélagið (veitingahús), Þjóðgarður, hátíð, Námaskarð/Leirhnjúkur, ljósmyndun, Perlan, Laugavellir, Laugafell, Flatey, þorpin, hreinleiki, Skagafjörður, sandstormur, Ísafjörður, hjóla, Snæfell, maraþon, hákarl, sveitahótel, Dimmuborgir, Langjökull, Síldarminjasafnið, gosaska, hús/litir húsa, gott brauð, pylsur, íslensk hönnun, ferð til Kulusuk/Grænlands, Borgarfjörður, lambakjöt, fámennið, Egilsstaðir, Glymur, Hallgrímskirkja, Ólafsfjörður, Katla, heitir fossar, safarí, Hólar, Búðir, humar, víðáttan, jeppaferð, Arnarstapi/Hellnar, spa.
1	Laugarvatn, snjór, Papey, 17. júní, lögreglan, gjá á milli heimsálfa, að aka yfir á, góð enskukunnátta Íslendinga, Berunes, spennandi/ævintýri, Nauthólsvík, Stóruð, flugeldar, Vopnafjörður, skólinn, Austurland, keila, Jólahúsið, Mærudagar, norðrið, Kverkfjöll, Gígjökull, fjallaskáli, golf, líf almennings, skyr, Vonarskarð, Hengill, Kirkjubæjarklaustur, Skaftá, drekka, Hrísey, fáir ferðamenn, gljúfur, Rauðisandur, Þakgil, kökur, bjór, strætó, Norræna húsið, Oddi á Rangárvöllum, söngur, Argentína steikhús, mýrarbolti, 66° norður, Sólheimajökull, Blönduós, öryggi, stærð Íslands, ódýrt í sveitinni, Húnavatnssýsla, Skálholt, Laufás, Grenivík, Krýsuvík, ár/vatnsföll, Glaumbær, Hvannadalshnjúkur, fótbolti, Austur-Skaftafellssýsla, ferja, Suðureyri, góðir vegir, grænn mosi, umferðin, Svartifoss, Norðurland eystra, Melrakkaslétta, Vesturland, (fyrrum) amerísk herstöð, íslenskir steinar, Hraunfossar, svífdrekflug, Hella, fangelsi, sólbruni, bílaleigubíllinn, borða lunda, Húsey, grænu litirnir, Borgarnes, villt blóm, lágt verð, Hólmsá, leigubíll, Galdrasýningin á Hólmavík, Elín Hirst, Jóna Björk, Höfn í Hornafirði, Reykjavíkurhöfn, glerbrot á götum Reykjavíkur, stórir bílar, Þingeyri, Sólheimar, Faxaflói, Herðubreið, Langanes.

Mikill munur var á því hvað fólk þótti minnstæðast á Íslandi þegar helstu grunnbreytur er skoðaðar. Þannig var Jökulsárlón t.d. efst í huga gesta frá Suður Evrópu (34% þeirra) og Benelux löndunum (28%) en Bláa lónið hjá gestum frá Norður-Ameríku (36%) og Norðurlöndunum (31%) svo dæmi sé tekið.

Tafla 3.7 Minnisstæðast á Íslandi sumarið 2010

eftir kyni, aldurshópum, markaðssvæðum, helstu löndum, áður á Íslandi eða ekki, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneysi og farartæki til Íslands

%	Náttúran/landslagið		Bláa lónið	Jökulsárlón	Geysir	Gullfoss	Mývatn	Landmannalaugar	Hvalir/hvalaskoðun	Reykjavík	Eldfjöll/eldfjallaferð	Fossar	Jöklar	Fólkið /gott viðmót	Þingvellir	Hestar/hestaferðir	Dettifoss	Jökla-/snjósleðaferð	Gönguferð	FJÖLDI
	21	21																		
Kona	21	21	19	19	12	11	8	7	7	8	6	5	7	5	6	4	4	4	4	499
Karl	18	17	17	15	13	10	9	8	7	5	6	7	4	5	4	4	4	4	3	698
16-25	9	21	20	22	14	10	10	8	8	5	10	5	4	4	4	7	7	5	169	
26-35	17	19	21	16	11	10	11	6	9	5	4	6	6	4	4	4	4	5	285	
36-45	20	18	20	14	10	11	9	10	7	4	6	5	6	5	8	4	5	2	225	
46-55	25	18	15	17	13	10	7	8	8	7	7	6	5	3	7	4	4	4	229	
56-65	21	19	15	15	15	13	6	7	5	10	6	6	4	8	4	2	2	4	191	
yfir 65 ára	21	17	12	21	18	11	4	7	2	11	7	9	8	10	2	4	0	2	90	
Norðurlönd	24	31	7	23	17	10	4	9	10	3	3	0	5	10	6	1	1	4	221	
Mið-Evrópa	25	5	16	16	9	10	6	7	5	9	9	9	6	3	7	5	2	3	280	
Benelux	17	6	28	18	8	15	9	11	5	8	7	8	2	2	5	5	8	4	131	
Bretland	14	23	13	21	17	3	8	13	3	4	7	4	7	7	5	5	11	3	156	
S-Evrópa	14	10	34	13	9	20	22	3	7	8	5	11	1	3	2	7	3	4	186	
N-Ameríka	13	36	9	13	13	5	1	3	15	6	8	4	8	7	4	1	2	6	144	
Annað	18	29	29	12	18	9	12	8	11	9	6	6	9	5	5	6	6	3	66	
Noregur	14	51	6	29	18	4	4	4	16	2	2	0	4	20	8	0	0	4	51	
Svíbíóð	33	15	5	12	16	13	3	15	6	3	3	0	9	8	3	0	2	3	67	
Danmörk	22	34	7	27	17	10	5	9	9	2	4	0	2	7	6	2	0	5	82	
Finnland	35	18	18	29	24	6	6	6	6	12	6	0	6	0	12	0	0	6	17	
Þýskaland	28	6	14	16	9	8	3	7	6	8	10	9	7	4	7	5	2	2	204	
Holland	18	7	31	21	7	12	5	10	7	12	9	10	3	2	7	5	7	3	87	
Bretland	14	23	13	21	17	3	8	13	3	4	1	4	7	7	5	5	1	3	156	
Frakkland	13	10	39	10	11	26	31	4	7	4	7	2	1	4	2	5	1	5	98	
Ítalía	7	12	29	19	12	17	7	0	10	12	10	17	0	2	0	14	2	7	42	
Spánn	23	7	28	14	2	14	19	5	2	14	7	25	0	0	2	2	7	0	43	
Bandaríkin	13	37	5	8	13	6	0	2	14	7	10	5	9	5	3	0	3	5	100	
Kanada	14	34	18	23	11	2	2	5	16	2	2	2	7	11	5	2	0	9	44	
Áður á Íslandi	24	11	11	8	9	8	5	5	6	5	4	4	5	5	8	3	2	5	245	
Fyrsta skipti	18	20	20	19	14	11	9	8	8	7	7	7	5	5	4	4	5	4	946	
Eigin vegum	19	18	20	15	12	11	8	8	8	5	6	6	5	5	5	4	4	4	941	
Hópfæri	20	21	11	23	15	8	10	8	5	11	8	7	6	6	5	3	4	3	269	
Frí	19	17	20	19	14	12	10	8	7	7	7	7	4	5	5	5	4	4	1050	
Heimsókn	22	20	11	9	7	5	2	6	14	0	1	0	5	8	8	1	1	5	85	
Ráðstefna	15	35	8	15	11	8	0	0	12	4	0	0	19	4	8	0	1	8	49	
Viðskipti	18	25	0	14	7	4	0	0	7	4	4	0	11	4	10	0	0	0	47	
Vinna á Ísl	9	18	9	19	9	9	0	0	9	9	9	0	9	0	0	0	9	0	14	
Einn á ferð	21	24	10	13	12	5	9	3	14	5	3	3	9	6	7	5	1	3	159	
Maki	18	16	23	18	10	13	8	8	7	7	6	9	4	5	5	4	4	4	489	
Með börn	18	15	20	19	14	11	9	14	3	6	12	8	3	4	6	3	7	4	190	
Vinir	21	19	16	15	14	10	10	6	6	7	8	6	8	4	3	4	4	5	360	
Vinnufélagar	16	28	6	17	10	6	3	7	9	12	4	3	8	6	7	3	4	1	90	
Flug	19	20	18	19	13	10	8	8	8	6	7	6	6	5	5	3	4	4	1089	
Norræna	21	6	20	9	4	19	13	6	4	5	4	7	3	3	1	9	2	3	108	
MEÐALTAL	19	19	18	18	13	11	8	8	7	6	6	6	5	5	5	4	4	4		

3.6 Íslandsferðin og væntingarnar




Frá móttökunni í Húsi skáldsins að Gljúfrasteini.

Mynd: RG

Sumarið 2010 voru erlendir ferðamenn í Leifsstöð og á Seyðisfirði spurðir hvort Íslandsferðin hefði uppfyllt væntingar þeirra að öllu, mestu eða einhverju leyti.

Segja má að útkoman sé býsna góð fyrir íslenska ferðapjónustu. Þannig töldu 65% að ferðin hefði uppfyllt allar væntingar, 32% að hún hefði gert það að mestu leyti, 2% að sumu leyti og 1% að ferðin hefði einungis uppfyllt væntingar að fremur litlu eða mjög litlu leyti. Út úr þessu má því lesa að 97% gestanna voru mjög eða fremur ánægðir með Íslandsferðina.¹⁴

Mynd 3.7 Uppfyllti Íslandsferðin sumarið 2010 væntingar þínar?



¹⁴. 96,4% þátttakenda svöruðu þessari spurningu.